

# Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

**Tillaga að nýju deiliskipulagi við  
Snókalönd við Bláfjallaveg skv. 1. mgr.  
41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann **07.01.2022** að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg. Skipulagið afmarkast af gamalli hraunnámu sem í dag er skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir einni lóð þar sem gert er ráð fyrir aðkomu, bílastæðum og byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir byggingum tengdum norðurljósaskoðunum.

Deiliskipulagstillagan ásamt greinargerð verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar að Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 frá **14.12.2022 – 25.01.2023**. Einnig er hægt að skoða gögnin á [hfj.is/skipulag](http://hfj.is/skipulag).

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir á netfangið [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is) eða skriflega í þjónustuver að Strandgötu 6 eigi síðar en **25.01.2023**.

**Hafnarfjarðarbær**  
bt. umhverfis- og skipulagssvið  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



Hafnarfjörður